

Lífið

FÖSTUDAGUR
22. ÁGÚST 2014

Unikat er hönnunarbúð í miðbænum
FAGURKERAR SAMAN UNDIR EINU ÞAKI 2

Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir
ER HÖFUNDUR BÓKARINNAR KYNLÍF, JÁ TAKK 4

Eyrnalokkar koma aftur í tísku
STÓRT EYRNA-KONFEKT AF PÖLLUNUM 10


Nanna Kristín Magnúsdóttir

FRELSIÐ ER FALLEGT

FRÉTTABLAÐIÐ

➤ visir.is/lifid

HVER ER?



Nafn

Ása Ottesen

Aldur? 35 ára

Starf

Markaðsfulltrúi hjá Te & kaffi.

Maki

Enginn. Á kött sem heldur að hann sé kærasti minn.

Stjörnumerki

Krabbi.

Hvað fékkstu þér í morgunmat?

AB-mjól með múslíi. Svo stalst ég í nýbakaða smáköku hér úr eldhúsinu á Te & kaffi.

Upphaldsstaður?

Þegar ég er úti að hlaupa við sjóinn þá líður mér ótrúlega vel.

Hreyfing?

Ég æfi í Boot Camp í Elliðaárdal þrisvar sinnum í viku og fer út að hlaupa 2-3 sinnum í viku. Svo reyni ég að fara á Esjuna eða Úlfarsfell einu sinni í mánuði.

Upphaldslistamaður?

Ég er gjörsamlega sjúk í allt það sem Saga Sigurðardóttir ljósmyndari kemur nálægt.

Upphaldsmynd

Mjög erfitt að velja eina en sú sem kemur fyrst upp í huga mér er Lost in Translation.

Ertu A- eða B-manneskja?

Loksins get ég sagt að ég er A-manneskja. Mér finnst æðislegt að vakna snemma en ég fer þó samt svölftíð seint að sofa.

HVERJIR HVAR?

Það var mikið um dýrðir á Laugardalsvelli á miðvikudagskvöld þegar flestir fótvoltaunnendur flyktust á völlinn til að sjá Stjörnuna spila á móti stórlíðinu Inter Milano. **Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra lét sig að sjálfsögðu ekki



vanta enda Stjörnumaður mikill. Þá var **Helga Ólafsdóttir**, fatahönnuður og einn eigandi barnafatamerkins Igló Indí, mætt í stúkuna ásamt fjölskyldu sinni en hún er einnig Garðbæingur.



Við erum duglegar að hvetja hver aðra áfram.

Bríet Ósk segir gaman að vera komin í samstarf með hressum konum í búiðinni Unikat þar sem er að finna íslenska og erlenda hönnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TÍSKA SAMSTARFSBÚÐ FAGURKERA

Þær Steinunn Vala, Sonja, Bríet, Elín og Elena hafa opnað búiðina Unikat í miðbæ Reykjavíkur en þær eiga það allar sameiginlegt að vera hönnuðir. Búiðin býður upp á þeirra eigin merki og vörur í bland við smekklega valda hönnun.

Þegar ég flutti heim úr námi frá Barcelona var það draumur hjá mér að opna hönnunarbúið en ég sá fljótt að sá markaður var mettur hérna heima. Nema hvað varðaði vörur fyrir börn og því opnaði ég netverslunina Mjólkurbúið, sem einbeitt sér að hönnun fyrir börn. Draumurinn var samt alltaf að opna alvöru verslun og þá kom hönnuðurinn Sonja

Bent að máli við mig og úr varð þetta frábæra samstarfsverkefni,“ segir Bríet Ósk Guðrúnardóttir innanhúshönnuður og ein af aðstandendum verslunarinnar Unikat sem var opnuð í miðbænum fyrir stuttu.

Ásamt Bríeti koma þær Steinunn Vala Sigfúsdóttir hjá Hring eftir hring, Elín Hrund Þorgeirsdóttir hjá Dýrindi, Elena Pétursdóttir hjá Hjarn.is, Sonja Bent

fatahönnuður og Nína Björk Hlödversdóttir ljósmyndari að búiðinni. Vöruval verslunarinnar er hönnun úr smíðju þeirra í bland við vel valda hönnunarvöru utan úr heimi. Þær Bríet og Elena reka hvor sína vefverslunina; Mjólkurbúið og Hjarn, sem nú eru með sitt vöruúrval í Unikat. Sonja Bent, Steinunn Vala og Elín eru svo með sín merki til sölu í búiðinni ásamt því að aðstoða við vöruval og standa vakt-

ina við búðarborðið. Búiðin er á Laugavegi 42b en gengið er inn frá Frakkastíg. Bríet segir húsnaðið passa vel við vöruúrvalið.

„Við erum allar smekkkonur með svipaðan stíl sem er frekar skandinavískur en líka smá bóhem. Við erum allar að gera þetta í fyrsta sinn og þetta er búið að vera skemmtilegt ferli í alla staði og svo erum við duglegar að hvetja hver aðra áfram.“

MASTERLINE Professional Beauty

ÉG KÆLI CREAM GEL



Ég er kælandi fótagei sem dregur í sig þreytu dagsins. Undragel fyrir þreyttu og bólgu fætur. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og myntu og Eucalyptus.

www.master-line.eu

Made in Italy

Fæst í apótekum og Hagkaup

LÍFIÐ MÆLIR MEÐ

Menning í borginni og poppari stígur á svið

Það er mikið um að vera um helgina á höfuðborgarsvæðinu og alla leið upp í Kórahverfið. Á laugardaginn er sjálf Menningarnótt en í ár eru um 400 viðburðir á dagskránni og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Til dæmis ætlar Bylgjan að bjóða í garðpartí með grillveislu fyrir alla og stíga þekktir tónlistarmenn á svið. Á Arnarhóli verða einnig tónleikar á vegum Rásar 2. Einnig eru verslanir bæjarins í hátíðarskapi sem og fatamarkaðir víðs vegar um borgina. Til dæmis í Skafta-

hlíð þar sem íbúar götunnar hafa tekið sig saman og halda götumarkað með allskyns uppákomum.

Rúsínan í pylsuendanum er svo flugeldasýningin á Hafnarbakkanum og hefst hún klukkan 23.

Eins og flestum er kunnugt mun hinn heimspækki poppari Justin Timberlake stíga á svið í Kórnum í Kópavogi á sunnudagskvöldið fyrir mörg þúsund tónleikagesti. Áður en sjálfur poppkóngurinn tryllir lýðinn ætlar stuðsveitin Gus Gus að hita upp og er því ekki amalegt kvöld í vændum fyrir þá sem voru svo heppnir að tryggja sér miða á herlegheitin. Þeir sem heima sitja þurfa samt ekki að örvænta því tónleikumum verður streymt í beinni á vefsíðunni Live-nation.is.



AUGNABLIKIÐ



Það er ekki sniðið á Versace-kjólnum sem leikkonan **Jessica Alba** skartaði á frumsýningu myndarinnar Sin City: A Dame to Kill, sem heillaði heldur liturinn. Alba stal senunni í fagurblá um og glansandi kjólnum og silfurlitir hælaskórnir voru svo punkturinn yfir i-ið. Hárið náttúrulegt og augun dökk en varinnar voru láttnar vera ljósar. Vel heppnað rauða-dregils-augnablik hjá Jessicu Alba.

Lífið
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Stefán Karlsson** • förðun **Fríða María** með MAC Cosmetics og Blue Lagoon Skincare, hár **Fríða María** með Label.m

Haustr útsala Fjallakofans

hefst í dag

22. ágúst - 2. september

20-70% afsláttur

Gríptu tækifærið og fáðu þér gæða útivistarvörur frá Marmot, Scarpa, Smartwool, Arc'teryx, Löffler, Black Diamond og fleirum á þessari frábæru útsölu! Fatnaður, skór, bakpokar, göngustafir og margt margt fleira, sjón er sögu ríkari!

Smartwool
nærfatnaður og
sokkar
20-30%
afsláttur

Marmot
dúfatnaður
30-40%
afsláttur

Löffler
hjólafatnaður
30-50%
afsláttur

Marmot
útivistarfatnaður
20-70%
afsláttur

Fjalla- og svigskiði
25-50%
afsláttur

Afgreiðslutími í verslunum Fjallakofans næstu daga:

Verslun \ Dagur	Föstud. 22.ág	Laugard. 23.ág	Sunnud. 24.ág
Laugavegur 11	10-19	9-19	12-17
Kringlan 7	10-19	10-17	12-17
Reykjavíkurv. 64	10-19	10-17	LOKAÐ

Marmot

ARCTERYX

SCARPA

Smartwool

PETZL

Black Diamond

SILVA

SEA TO SUMMIT

JETBOIL

Julbo

Við vinnum náið með leiðsögumönnum
m.a.



ARCTIC ICELAND



FJALLA KOFINN

Afgreiðslutíma má sjá á heimasíðu okkar

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  

BÆKUR HVER HEFUR EKKI ÁHUGA Á KYNLÍFI?

Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir gefur út sína fyrstu bók um kynlíf en hún hefur verið iðinn pistlahöfundur um það málefni í langan tíma. Bókin *Kynlíf, já takk* er samansafn af bréfum sem hafa borist Ragnheiði gegnum tíðina auk viðtalsbrota og hugleiðinga frá höfundu.

Ég skrifaði verkefni í hjúkrunarfræðinni um kynfræðslu og hef alltaf haft mikinn áhuga á kynlífi, en hver hefur það svo sem ekki?“ segir Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir, höfundur bókarinnar *Kynlíf, já takk*, sem kom út nýverið.

Í bókinni safnar Ragnheiður, eða Ragga eins og hún er kölluð, saman úrvali bréfa, spurninga, sem henni hafa borist gegnum tíðina. Ragga hefur fjallað um kynlíf í fjölmiðlum frá árinu 1999 og átti því dágott safn af alls kyns bréfum sem henni þótti við hæfi að deila með almenningi. „Ég byrjaði að skrifa pistla í fjölmiðla árið 1999 og fann að þetta var að leggjast vel í lesendur. Ég fékk að heyra að þeim líkaði við þennan hispurslausa tón um málefnið; að ég skrifaði um kynlíf á mannamáli,“ segir Ragnheiður.

Bókinni er skipt niður í fjóra hluta: Konur, Karla, Saman og svo lýkur bókinni á kafla sem heitir Skapandi kynlíf. Höfundur skrifar smá hugleiðingu í upphafi hvers kafla ásamt því að blanda bréfum frá lesendum inn í viðtalsbrot. „Þetta er í raun úrval af uppáhaldsbréfum sem mér hafa borist gegnum tíðina auk viðtala við kynverur,“ segir Ragnheiður, sem ætlar einnig að taka upp námskeið sín fyrir konur í haust. „Þetta er kynferðislegt sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur sem ég var með árið 2005 og ætla að hrinda aftur af stað vegna fjölda áskorana.“

Ragnheiður er menntaður hjúkrunarfræðingur og starfar núna á bráðageðdeild. Þrátt fyrir að þetta sé hennar fyrsta bók um kynlíf hefur hún áður gefið út prjónabækur. „Ég er mikil prjónakona og þrátt fyrir að kynlíf og prjón eigi kannski ekki mikið sameiginlegt nálgaast ég þetta tvennt með svipuðum hætti í bókunum.“



Ragnheiður safnar saman bréfum sem henni hefur borist í gegnum tíðina í bókinni *Kynlíf, já takk*.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sýnishorn úr bókinni *Kynlíf, já takk*:

HÆ RAGGA Er eðlilegt að ég fái brjálaðan bóner ef ég hugsa um að láta eldri konu flengja mig?
KÆR KVEDJA,
B

KÆRI B Já.
kveðja, Ragga

BESTA RAGGA Mikið er talað um lengd tippa, en hver er hin rétta leið til þess að mæla tippid? Það getur nú munað töluverðu ef mælt er neðan frá til topps, eða að innanverðu (sem snýr að maga) og til topps.

Gúndi göndull

HALLÓ GÚNDI Jú þetta er hárrétt hjá þér... ef allur stinningarvefurinn væri mældur mundu tippi lengjast um sirka 2/3 – en til þess þyrfti að skera manninn í sundur svo að sú aðferð er tæpast notuð á siðprúðum íslenskum heimilum. Hin lögformlega aðferð til að mæla tippalengd er

hins vegar sú siðarnefnda hjá þér, þ.e. að mæla frá rótinni að ofanverðu (að því gefnu að maðurinn standi uppréttur) og fram til endimarka kóngsins. Vinur minn sem er mikill áhugamaður um tippamælingar segist gera þetta þannig að hann standi við borðbrún, nakinn og með stífan lim, leggi

svo félagann á borðið og hafi á borðinu einhverja færanlega fyrirstöðu sem hægt er að láta kónginn nema við s.s. símaskrá eða bara ristavélina. Þá er tippid komið í góða stöðu til mælinga með reglustiku ellegar tommustokk.
Gangi þér vel og góða skemmtun, Ragga

Reykjavík Fashion Academy

www.rfa.is


10 SPURNINGAR

TRÚIR EKKI ORÐUM BARA GJÖRÐUM

MANÚELA ÓSK HARÐARDÓTTIR, FATAHÖNNUNARNEMI VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS




- 1. Þegar ég var ung hélt ég að...** ég kæmist léttilega gegnum lífið án snjallsíma.
- 2. Núna veit ég að það...** var bara einhver hræðilegur miskilningur.
- 3. Ég mun eflaust aldrei skilja...** hvers vegna blár Ópal var tekinn af markaði.
- 4. Ég hef engan sérstakan áhuga á...** eldamennsku – en bakstur er allt annað mál.
- 5. Karlmenntu eru...** ekki allir eins.
- 6. Ég hef lært að...** maður á alls ekki að trúá orðum – bara gjörðum.
- 7. Ég fæ samviskubit þegar...** ég gleymi að svara tölvupósti – sem gerist óþolandi oft.
- 8. Ég slekk á sjónvarpinu...** þegar börnin mín gleyma því þar sem ég kveiki aldrei á því sjálf.
- 9. Um þessar mundir er ég upptekin af því að...** búa mig undir veturinn í LHÍ og skipuleggja spennandi tíma sem fram undan eru hjá KRÓM.
- 10. Ég vildi óska að fleiri vissu af...** mikilvægi þess að hafa aðgát í nærveru sálar.





Nýjar bækur á kynningarverði!

2.990 kr.



Dagskrá Menningarnætur í IÐU, Lækjargötu:

16.00 Festival

17.00 Klassart

17.30 Soffía Björg og hljómsveit



16 mánaða dagbækurnar komnar!



3.695 kr.

2.495 kr.



Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík

„Í bókmenntasögunni og í leiklistarsögunni eru færri kvenhlutverk. Það er staðreynd. Við getum ekki breytt því, við getum ekki breytt fortíðinni. Við getum hins vegar breytt framtíðinni.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR FRELSIÐ ER FALLEGT

Nanna Kristín Magnúsdóttir tók pásu frá leikhúsinu og hélt út fyrir landsteinana í kvikmyndanámi. Hún er brosmild, óþolinmód og léleg í „kúlínu“. Hún segir konur verða að setjast sjálfar niður og skrifa bitastæðari kvenhlutverk.

Nanna Elísa Jakobsdóttir
nanna@frettabladid.is

Er ekki alltaf sagt að það gerist eitthvað á sjö ára fresti? Að þá stökkist upp í lífinu?“ spyr Nanna Kristín Magnúsdóttir brosandir. Hún er leikkona sem sagði upp æviráðningu hjá Þjóðleikhúsinu og yfirgaf öryggið til þess að segja sínar sögur og skapa sínar eigin persónur.

Nú, sjö árum síðar, er hún einstæð tveggja barna móðir, handritshöfundur, framleiðandi og leikstjóri, ein á leið út til Toronto til þess að frumsýna stuttmynd sína Tvíliðaleik. Frumsýninguna ber upp á sama dag og frumsýningu kvikmyndarinnar París norðursins, en í henni fer Nanna Kristín með aðalkvenhlutverkið.

Langar að segja sínar sögur

Fólkið í kringum mig hélt ég væri búin að missa það. Þetta væri nú ekki það sem ætti að gera þegar maður væri með fasta vinnu í leikhúsi; maður ætti bara að vera feginn og þakklátur yfir að vera svo heppinn að vera með vinnu,“ segir hún varðandi þá ákvörðun að segja upp hjá Þjóðleikhúsinu, sjö árum eftir að hún útskrifaðist úr leiklistarskóla.

Samhliða fastráðningu í Þjóðleikhúsinu starfaði Nanna ásamt sjálfstæða leikhópnum Vesturporti að kvikmyndunum Börn og Foreldrar ásamt Ragnari Bragasyni kvikmyndaleikstjóra. Hún ber leikstjóranum vel söguna og segir það enga tilviljun að í þau skipti sem hún hefur hlotið Edduna og Grímuna hafi hún verið undir hans stjórn.

„Við vorum að framleiða sjálf og tókum þátt í að móta okkur persónur. Þetta kveikti í mér. Mig langaði til þess að segja

mínar eigin sögur og gera eitthvað sjálf.“

Á þessum tíma mótuðust langtímamarkmið Nönnu, hana langaði til að semja og leikstýra og árið 2010 lét hún verða af því að fara út í nám.

„Ég vildi vita hvernig það er að vera hinum megin við linsuna. Ég hef náttúrulega tekið þátt í kvikmyndum sem leikkona, en ég vildi vita hvernig það er að fara í hin og þessi störf.“ Hún segir það nýttast þeim sem vill leikstýra eigin kvikmyndum.

Leikstýrið kasólétt

„Ég skellti mér til New York í New York Film Academy árið 2010 en þá gekk ég með Unni Maríu. Það var hitabylgja í New York og ég, með bumbuna út í loftið, skaut stutta heimildarmynd,“ segir Nanna Kristín hlæjandi. Unnur María er seinna barn hennar en fyrir á hún Kristín Kol. „Upp frá þessu hugsaði ég með mér að þetta langaði mig til að gera.“

Hún sótti um nám í Vancouver Film School, komst inn og fór út til Kanada ásamt fjölskyldunni árið 2012. Námið nýttist strax sem vinna og í sumar var fyrsta leikna stuttmynd sem hún skrifaði, Tvíliðaleikur, valin á Toronto Film Festival. Hún verður frumsýnd þann 5. september.

„Þessi mynd var bara eitthvað sem ég ætlaði að gera fyrir sjálfa mig. Bara til þess að athuga hvort ég hefði eitthvað í þetta, hvort þetta væri eitthvað sem mig langaði til að gera meira af. En svo var hún valin til sýningar. Það segir mér að ég sé að gera eitthvað rétt.“

Enginn kúlisti

Myndin var tekin upp í október á síðasta ári. Á meðan á eftirvinnslunni stóð æfði Nanna Kristín og lék í Borgarleikhúsinu í sýningunni Óskasteinum eftir Ragnar

Bragason og hlaut hún fyrir leik sinn Grímuna sem besta leikkona í aukahlutverki.

„Það var ótrúlega skemmtilegt, mér þótti það mjög gaman,“ segir Nanna Kristín og í svip hennar má greina sambland af stolti og auðmýkt.

„Ég gat ekkert verið kúl á því með það. Mér fannst þetta bara æðislegt.“ *En er ekki kúlið ofmetið hvort sem er?* „Ég er allavega rosalega léleg í kúlínu og pókerfeisinu. Einn vinur minn sagði einu sinni við mig að ég væri svona góð leikkona af því að ég þyrfti að gera svo lítið, maður sæi alltaf hvað persónan mín væri að hugsa eða gera og allar tilfinningarnar. En það væri aftur á móti slæmt fyrir mig sem manneskju af því að ég gæti engan veginn leynt því hvernig mér liði, maður gæti lesið mig inn og út af því að ég væri með svo lítinn pókersvip. Ég væri bara opin. Hér er ég,“ segir hún og leggur ímyndað sjálf á borðið fyrir framan okkur.

Með slettu af kæruleysi

Störf hennar hafa verið fjölbreytt allt frá því hún útskrifaðist sem leikari.

„Ég hef verið mjög heppin með vinnu, ég hef fengið að gera svo marga. Það virðist vera að halda áfram að þróast. Ég er ekki að segja að þetta hafi allt komið upp í hendurnar á mér, ég hef þurft að vinna fyrir þessu. En ég er mjög metnaðargjörn, ég fer „all in“ í þau verkefni sem ég tek að mér. Ég get ekki tekið eitthvað að mér og verið með hálfkák.“

En var ekki erfitt að vera í leikhúsinu og að klára stuttmyndina á sama tíma?

„Jú,“ segir Nanna Kristín án þess að hika og hlær. „En það er bara hluti af lífinu. Ég á yndisleg börn svo allt gengur vel þar. Ég var oft að reyna að finna eitthvað jafnvægi í þessu en ég held að maður



IÐA-bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
opið til 22 alla daga.

nái aldrei fullkomnu jafnvægi á milli þess að vera mamma og svo starfsferilsins. Það sem ég er að reyna að temja mér núna er að hafa smá slettur af kæruleysi með. Ég er nefnilega með fullkomunaráráttu. Nú stefni ég að því að einfalda líf mitt.“ Og hvernig ætlarðu að gera það? „Með því að hugsa minna.“

Flateyri betri en Mallorca

Nanna Kristín upplifði hið einfalda líf þegar hún bjó á Flateyri í júní 2013 á meðan á tókum á París norðursins stóð.

„Mér fannst svo frábært að vakna á Flateyri þegar ég átti ekki að vera í tókum og uppgötvaði að ég þurfti ekki að gera neitt sérstakt. Það var algjör lúxus. Miklu betra en einhver Mallorca-ferð að vera á Flateyri. Horfa á fjöllin og hlusta á kyrrðina.“ Allt tókuliðið og leikararnir dvöldu á Flateyri í um mánuð á meðan á tókum stóð. „Ég held það skili sér rosalega vel í myndinni. Enginn þurfti að fara neitt, allir voru bara á staðnum. Það var enginn asi.“

Nanna Kristín segir þó að þrátt fyrir að myndin hafi verið tekin upp á Flateyri gæti hún átt sér stað hvar sem er í heiminum þar sem hún fjallar um tengsl fólks. „Hafsteinn Gunnar er þannig leikstjóri að maður fyllist öryggi vegna þess að hann er með sterka sýn, veit nákvæmlega hvaða hann vill segja og hvaða hlutverki hver persóna gegnir í framvindu sögunnar. Drátt fyrir það leyfir hann okkur leikurunum að taka þátt í persónusköpun og verða hluti af þróunarferlinu og það er frelsi sem er fallett.“

Blekkning kvenna í klámheimi

Ferðina til Toronto hyggst hún þó nýta sér til að kynna verkefni úr eigin smíðju. „Ég er búin að að skrifa kvikmyndahandrit upp úr bókinni hans Steinars Braga, Konur.“ Kvikmyndamiðstöð veitti henni styrk til handritaskrifa.

„Ég lagði upp með það þegar ég byrjaði að ég myndi gefa mér tíma í þetta. Þetta er ekki eitthvað sem maður hristir fram úr erminni. Auðvitað er þetta mín sýn á þessa sögu. Það er hægt að túlka hana á ýmsa vegu og sjá söguna frá mörgum sjónarhornum. Ég varð að vera sönn í mínu og skrifa eins og ég upplifði hana og frá því sjónarhorni sem mér þykir áhugavert. Mér finnst þessi bók ekki endilega vera einhvers konar karlmenn versus konur. Heldur meira hvernig við konur erum, hvert okkar hlutverk er, hvert við erum settar í þessum klámvædda nútímaheimi.“

En ég vil ekki meina að honum sé stjórnað af karlmönnum heldur af öllu fólki, bæði karlmönnum og konum.“ Hún gerir hlé á máli sínu og hugsar sig um. „Þetta er kannski eldfimt umræðuefni,“ segir Nanna hugsi en heldur áfram: „En, sýnin sem ég vil taka snýst um hvernig konur lífllækka sig með því að nota kynvitund sína til þess að komast áfram. Við höldum kannski að við séum orðnar svo klárar að við kunnum að leika leikinn í þeim heimi með því að nota kynvitund okkar. Okkur tekst kannski að blekkja einhverja en aðallega erum við bara að blekkja okkur sjálfar.“

En talandi um konur, hvernig er þín reynsla af því að vera kona í þessum bransa?

„Í bókmenntasögunni og í leiklistarsögunni eru færri kvenhlutverk. Það er staðreynd. Við getum ekki breytt því, við getum ekki breytt fortíðinni. Við getum hins vegar breytt framtíðinni.“

Það vantar kannski fleiri bitastæð hlutverk fyrir konur. En það er enginn að fara að gera þetta fyrir okkur, við verðum að gera þetta sjálfar. Það er alls ekki þannig að karlar séu eitthvað á móti kvenpersónum eða vilji ekki skrifa fyrir konur. Þeir handritshöfundar eða leikstjórar sem ég hef unnið með hafa mikinn áhuga á konum og vilja skrifa fyrir þær, en þeir eru náttúrulega ekki konur. Þannig að hvernig er hægt að ætlast til þess að þeir móti einhverja kvenpersónu? Auðvitað skrifa þeir eitthvað,

en skiljanlega vill karlmaður skrifa um sína upplifun og sína sögu.

Þannig að ég held að þetta sé spurning um að framkvæma. Setjast niður og skrifa. Og maður finnur að það er samhugur meðal kvenna að gera þetta. Það mun bara taka tíma eins og annað.“

Á leið inn í frumskóginn

Hvað varðar tækifæri í bransanum segist Nanna ekki komin það langt inn í þennan heim að hún hafi rekið sig á að það sé betra eða verra að vera kona.

„En ef þú tekur viðtal við mig eftir kannski þrjú ár þá hef ég mögulega einhverja aðra sögu að segja,“ segir Nanna Kristín og

hlær. „Ég er að fara inn í frumskóginn núna og leita eftir fjármagni. Þá get ég séð hvort þetta er satt sem fólk segir; að það sé erfiðara í þessum bransa að vera kona.“

Hefur mörg járn í eldinum

Þessi brosmilda leikkona verður ekki verkefnalaus á næstunni. Hún er um þessar mundir að leika í kvikmynd Ásgríms Sverrissonar, Reykjavík, ásamt Atla Rafni Sigurðssyni.

Auk kvikmyndaleiksins er hún annar framleiðandi Harm sögu, leikrits Mikla Torfasonar, sem fært verður á hvíta tjaldid í framtíðinni, leikur í sjónvarpsþætti og er í fjögurra manna teymi

sem skrifar sex þátta sjónvarpsríu fyrir Saga Film. Eftir áramót stígur hún á leiksvið Þjóðleikhússins á ný, en til stendur að setja upp íslenskan söngleik eftir Hugleik Dagsson sem heitir Loki og er byggður á norrænni goðafræði. Leikstjórn verður í höndum Selmu Björnsdóttur og tónlistin verður eftir hljómsveitina Ham.

„Þetta er skemmtilegur kokteill, mjög spennandi og ólíkir listamenn. Þetta er svolítið frábrugðið því sem ég var að gera í fyrra, þá var ég í tveimur sýningum á litla sviðinu í Borgarleikhúsinu. Nú er það stóra sviðið, söngleikur, Hugleikur Dagsson og Ham, sprengingar og læti.“

En næsta langtímamarkmið? Þegar við hittumst eftir sjö ár, hvað verður þá?

„Þá verð ég búin að leikstýra minni fyrstu mynd í fullri lengd,“ segir Nanna Kristín án þess að hika.

„Og vonandi á ég allavega eina eða kannski fleiri sjónvarpsríur að baki. Vonandi er ég að leika í leikhúsi. Vonandi verð ég búin að einfalda líf mitt og finna „the total happiness“.“ Hún skelli hlær. „Nei, það er náttúrulega ekkert til sem heitir „total happiness“ og ég er ekki að leita að því. Vonandi verð ég bara enn þá leitandi manneskja; að leita að einhverju nýju til þess að framkvæma.“

SOHO

Síðustu dagar

VERÐSPRENGJUNNAR

Aðeins 6 verð

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

• 1.000,- • 1.500,- • 2.000,-
• 2.500,- • 3.000,- • 4.000,-

Rýmum fyrir
nýjum vörum!

Verðsprengja

70% af
öllu skarti

SOHO MARKET

Grensásvegi 8 - Sími 553 7300

Opið mánudaga – fimmtudaga 12–18
föstudaga 12–19 og laugardaga 12–17



SOHO/MARKET
Á FACEBOOK



FATASKÁPURINN YLFA GEIRSDÓTTIR

„Ég hef mjög gaman af fötum en ég myndi ekki segja að þau væru mitt helsta áhugamál. Stíllinn minn er algjörlega misjafn eftir veðri og vindum. Á sumrin klæðist ég litríkari fötum en á veturna. Þá fer ég í smá dvala og klæðist dökkum litum og mikið af svörtu. Mér finnst gaman að hafa mig til en nenni því alls ekki á hverjum degi og er oft eins og haugur til fara í vinnunni. Stíllinn minn er algjörlega blandaður af ódýru og dýru en sjaldnast þæli ég í merkjum. Ég kaupi bara það sem mér finnst fallegt og oft eru það mjög klassísk föt sem ég nota í mörg ár,“ segir Ylfa Geirsdóttir um fatastíl sinn.



1

„Þennan jakka elska ég og hann kemur mér alltaf í gott skap. Ég keypti hann úti á Ítalíu fyrir tveimur árum og ég veit að ég mun nota hann í mörg ár í viðbót. Það er líka hægt að snúa honum við og þá er hann túrkisblár.“



2

„Það verða allir að eiga leðurjakka enda algjör klassík sem passar við allt. Hann er frá merkinu Barbara Gongini sem fæst í GK.“

3

„Þennan kjól keypti ég í Topshop fyrir stuttu og mér finnst eitthvað svo rómantískt við hann. Þarna eru allir uppáhaldslitirnir mínir samankomnir í einni flik. Svo er ég blómáóð, fátt gleður mig jafn mikið.“

5



4

„Sóglæraugun voru afmælisgjöf frá yndislegu Sólveigu, æskuvinkonu minni, og þau eru frá merkinu Miu Miu. Þetta eru sparigleraugun mín en ég nota Ray Ban Wayfarer dagsdaglega.“

„Dagsdaglega er ég voða mikið í stuttermabolum og gallabuxum en ég á svona boli í mörgum litum. Svo poppa ég þá upp með fallegu skarti og það nýjasta eru tvö hálsmen sem mér þykir afar vænt um. Kríu-hálsmen var 30 ára afmælisgjöf til sjálfrar mín og hálsmen sem Júlía mín bjó til handa mér í afmælisgjöf.“



AUGLÝSING: KJÓLAR OG KONFEKT KYNNA



Aðhaldskjólarnir hafa slegið í gegn hjá konum á öllum aldri og nú fæst aðhaldslína Oroblu á helmings afslætti í Kjólum & konfekt. MYND/ANDRI

Í AÐHALDI MEÐ HEIÐARI SNYRTI

Á Menningarnótt verður mikið um dýrðir og gleði í Kjólum & konfekt. Þá fá konur gagnleg heilræði um allt sem tengist aðhaldsfatnaði og förðun frá Heiðari Jónssyni snyrti.

„Það er mikill misskilningur að konur með eitthvað mikið utan á sér þurfi einar aðhaldsfatnaði. Það er sama hvernig við erum í laginu; aðhaldsfatnaður gerir oft herslumuninn.“

Þetta segir Anna Kristín Magnúsdóttir, eigandi kjólavarslunarinnar Kjóla & konfekts, sem opin verður til klukkan 22 á Menningarnótt.

„Aðhaldskjólur gefa einstaklega góðan stuðning og aðlaga undirfötin þannig að þau sjást ekki í gegn. Það er líka þægilegt að ganga í aðhaldskjól og alls ekki jafn þvingandi og halda mætti heldur veitir það konunni bæði örugg og góða tilfinningu.“

Í Kjólum & konfekt fæst aðhaldsfatnaður frá Oroblu. Línar

samanstendur af aðhaldskjól, samfellu, bol og stuttbuxum.

„Vinsælatur er aðhaldskjólinn sem hefur heldur betur slegið í gegn en uppáhaldið mitt er aðhaldssamfella. Ég geng í slíkrum samfellu á degi hverjum og hef einnig átt aðhaldskjól í fjögur ár, sem er enn eins og nýr og veitir alltaf sama stuðninginn. Hann fer ég í undir alla aðsniðna kjóla.“

Anna segir alls ekkert feimnismál að klæðast aðhaldsfatnaði.

„Þvert á móti og það er löngu kominn tími til að koma út úr skápnunum með þetta því aðhaldsfatnaður er ekkert annað en undirfatnaður.“

Á Menningarnótt heiðrar snyrtirinn Heiðar Jónsson gesti Kjóla & konfekts.

„Heiðar er uppáhaldið okkar og mikill viskubrunnur. Hann kann allt og veit um vaxtarlag kvenna og mun ráðleggja og fræða gesti og gangandi um allt sem tengist aðhaldsfatnaði, förðun, umhirðu húðar og líkama. Því er tilvalið að taka strætó á Hlemm, röltu niður Laugavegin og kíkja til okkar í spjall, kjóla-skoðun, kaffi og með því, og röltu svo áfram til að mennta sig í menningunni. Miðbærinn er fullur af alls konar uppákomum sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.“

Kjólar & konfekt eru á Laugavegi 92. Þar fæst aðhaldslína nú öll á 50 prósent afslætti. Sjá nánar á www.kjolar.is



HEILSA BRAGÐGÓÐUR OG HOLLUR BÚÐINGUR

Þessi búðingur er ótrúlega bragðgóður og hollur. Chia-fræin eru rík af omega-3 fitusýrum og próteini og innihalda auk þess kalk, magnesíum, járn og sink. Möndlur eru einnig mjög hollar en þær eru innihalda meðal annars E-vítamín, kalsíum og hollar fitusýrur. Þær eru auk þess bæði trefjaríkar og próteinríkar.

Búðingurinn er mjög einfaldur og krefst engnir eldamennsku. Uppskrift:

1 bolli möndlumjól
2 matskeiðar chia-fræ
½ bolli frosin jarðarber
2 dropar vanillu-stevía

1. Jarðarberin eru sett í blandara á hæstu stillingu þangað til að þau eru orðin að mauki.

2. Blandið jarðarberjaþykkunni saman við möndlumjólkina og chia-fræin og bætið stevíunni við. Hræðið

blöndunni saman með skeið og látið bíða í kæli í að minnsta kosti klukkustund.

Chia-fræin draga í sig möndlumjólkina og safann úr jarðarberjunum og úr verður hollur og dásamlegur búðingur.

Reykjavík Fashion Academy kynnr:

REYNSLUBOLTAR KENNA Í REYKJAVÍK FASHION ACADEMY

RFA býður upp á skapandi umhverfi og samvinnu nemenda á fjölmörgum sviðum á borð við förðun, ljósmyndun, stíliseringu og fleira.

Förðunarmeistararnir Selma Karlsdóttir og Elsa Þuríður Þórisdóttir eru kennarar förðunardeildar RFA. Þær hafa afar ólíka reynslu að baki en mynda saman frá- bært teymi sem getur miðlað fjölbreyttum fróðleik til nemenda skólans.

Úr heimi kvikmynda

Selma slysað-ist inn í heim kvikmyndagerðar fyrir tuttugu árum. „Ég var beðin um að leika í tónlistarmyndbandi, kynntist skemmtilegu fólki og fór hægt og rólega að starfa í þessum geira,“ segir Selma. Brátt kynntist hún starfi förðunarfræðinga og fyrr en varði var hún komin í nám í förðunarfræði. „Mér fannst þetta mjög spennandi. Það er svo persónulegt og förðunarfræðingar fá að vera í svo miklu návígi við leikara og fyrrsætur.“ Eftir námið gerðust hlutirnir hratt. Hún fór að vinna í Hörpu, Ávaxtakörfunni og farðaði Russell Crowe fyrir tónlistarmyndband sem hann gerði meðan hann var hér við tókur á myndinni Noah. „Þetta var voða gaman og Russell var mjög almennilegur!“

Selma hefur mörg járn í eldinum. Hún rekur Magma Dive kvíunarþjónustu og framleiðir kvikmyndir. Nýjasta verkefni hennar á því sviði er ný mynd eftir Jón Atla Jónasson sem verður frumsýnd í október. Auk þess hefur hún þjónustað erlend fyrirtæki sem hafa komið hingað til lands. Til dæmis breska Vogue, Discovery Channel, Fendi og tekið þátt í Weird Girls-verkefninu.

Með mikla reynslu úr leikhúsi

„Ég lærði snyrtifræði í Kaup-

mannahöfn. Síðan fór ég að vinna hjá Þjóðleikhúsi Íslands 1975 og lærði þar hárkollugerð og förðun,“ segir Elsa sem vann þar næstu tólf ár en flutti svo af landi brott. Þegar hún sneri heim fjórtán árum síðar hóf hún aftur störf hjá Þjóðleikhúsinu og farðaði fyrir flestar sýningar sem settar voru á fjalirnar. Hún byrjaði að kenna förðun árið 2010 en hefur kennt við RFA síðan í janúar. Samhliða því vinnur hún við förðun í Borgarleikhúsinu. Innt eftir eftirminnilegum verkefnum segir Elsa úr mörgu að velja. „Það var afskaplega gaman að vinna við Mary Poppins.“

Samvinna milli deilda

Nemendur í förðun í RFA fá afar breiðan grunn í námi sínu. „Við kennum um alhliða förðun, bæði fyrir hvunnadaginn en einnig fyrir leikhús, auglýsingar, kvikmyndir og ljósmyndatökur,“ upplýsir Elsa. „Við kennum þeim líka tímabilaförðun, förum í sögu förðunar og svo læra þær bæði fantasíuförðun og „special effect.“ Rík áhersla er lögð á að nemendur fái viðtæka reynslu svo þeir hafi úr nægu að

velja við útskrift. „Við leggjum mikla áherslu á að nemendur séu tilbúnir til að fara út á vinnumarkaðinn þegar þeir koma frá okkur. Hafi hraðann og kunni að vinna,“ bætir Elsa við.

Stór kostur við RFA er að þar er mikil samvinna á milli deilda. „Það er mikilvægt fyrir nemendur að kynnast því hvernig er að vinna með stílista og ljósmyndara. Með því að vinna með öðrum deildum læra nemendur hvernig á að bera sig að,“ segir Selma og bendir á að nemendur hafi líka aðgang að fyrrsætum og fái því flottar myndir í möppuna sína.

Nemar með í tókur

Bæði Selma og Elsa bjóða nemendum að koma með sér í verkefni sem þær eru að vinna að enda telja þær mikilvægt að nemendur fái innsýn í



Förðunarfræðingar geta átt von á því að taka þátt í mjög skemmtilegum verkefnum, líkt og myndatöku á jökli.

raunverulegt starfsumhverfi förðunarfræðinga. „Nemendurnir fá að sjá hvernig vinnan fer fram á tókustað og vita því betur að hverju þeir ganga eftir að skólanum lýkur,“ segir Selma. Af

nógum verkefnum er að



Þær Selma og Elsa með Stefáni Jörgen sem mun kenna „special effect“ förðun í Reykjavík Fashion Academy á haustönn.

MYND/GVA

Meðal gestakennara RFA á þessu ári er Ísak Freyr, en hann hefur farðað í tískuheiminum í London í ára- raðir fyrir viðskiptavinum á borð við L’Oreal, Maybelline og Nike. Nú í vor farðaði hann ofurfyrrsætuna Cara Delevingne.

taka því skólinn á gott samstarf við Reykjavík Fashion Festival og Secret Solstice svo eitthvað sé nefnt.

En ekki er aðeins farið á tókustaði fyrir auglýsingar, leiksyningar og þess háttar heldur er listin einnig kennd í samfélaginu. „Við höfum meira að segja farið á öldrunarheimili og kennt þar förðun fyrir eldra fólk,“ útskýrir Elsa.

Góður árangur nemenda

Langflestir nemendurnir sem útskrifast hafa frá RFA hafa

staðið sig með prýði. „Það hefur sýnt sig að metnaðarfullir krakkar sem við höfum útskrifað hafa komið sér í mörg mjög flott verkefni. Nokkrir hafa unnið í Latabæ, aðrir hafa farið í leikhúsin og ein stelpa hefur ferðast með Game of Thrones, unnið fyrir franska tískuhúsið Hermès og við Volvicvatnsherferðina,“ upplýsir Selma og Elsa bætir við: „Við reynum að fylgjast með nemendum okkar til að sjá hvernig þeir pluma sig á vinnumarkaðnum. Við erum afar stoltar af þessum krökkum!“

Skráning stendur yfir. Nánari upplýsingar á www.rfa.is

BÝR TIL SÁR, HAUSKÚPUR OG LÍK

Stefán Jörgen Ágústsson hefur sérhæft sig í „special effect“ förðun. Hann kennir nemendum Reykjavík Fashion Academy að búa til sár úr silíkoni og ýmsar aðrar tæknibrellur.

Stefán Jörgen er sjálfmenntaður í heimi „special effect“ förðunar. „Ég byrjaði á þessu tólf, þrettán ára gamall og hef verið að síðan,“ segir Stefán en áhuginn kviknaði út frá nokkrum bíómyndum. „Ég hef alltaf verið mikið fyrir skrímli og forynjur en sú mynd sem kveikti áhuga minn á þessu fyrir alvöru var Labyrinth með David Bowie auk Star Wars-myndanna. Ég byrjaði að fíkra mig áfram alveg frá grunni og náði ansi langt. Svo eignaðist ég bækur og kennslumyndbönd og þannig þróaðist þetta

hægt og örugglega,“ segir Stefán.

Fyrsta raunverulega verkefnið var að hanna fjölda gríma fyrir stuttmyndina Oiko logos. „Ég fékk reyndar ekkert borgað fyrir það,“ segir Stefán glettinn en fyrsta stóra borgaða verkefnið var Myrkráhöfðingi Hrafn Gunnlaugssonar.


Stærstu verkefnið sem Stefán hefur unnið að eru myndirnar Letters from Iwo Jima, Flags of Our Fathers og The Wolfman með Benicio del Toro í aðalhlutverki. „The Wolfman fékk Óskarsverðlaun fyrir förðun og ég var því

mjög lánsamur að fá að vinna við þá mynd,“ segir Stefán, sem var hluti af stóru förðunarteymi í Pinewood Studios-kvikmyndaverinu í Bretlandi. „Ég var aðallega í prufuförðun, þræddi hár á varúlfahundur og gerði við þær.“

Stefán Jörgen hefur áður miðlað af reynslu sinni til förðunarnemenda en kennir nú í fyrsta sinn í RFA. Hann mun til að mynda kenna nemendum að búa til sár af ýmsu tagi úr silíkonefnum. Fyrir utan þetta mun Stefán vera með opin kvöldnámskeið í október.



Stefán mun meðal annars kenna nemendum að búa til sár.



Tæknibrelluförðun býður upp á ótrúlega förðun. Hér er Páll Óskar í gervi gamals manns.



Hvítar skyrtur og svört jakkaföt.



Hjónin saman á tískusýningu Tom Ford og smekklega klædd bæði tvö.



Svartklædd á rauða dreglinum.



Biel í kjól með grafísku prenti og Timberlake í köflóttum jakka.

TÍSKA STÍLVISS OG SMART HJÓNAKORN

Leikkonan Jessica Biel og söngvarinn Justin Timberlake munu bætast í hóp Íslandsvina innan skamms. Þau giftu sig með pomp og prakt árið 2012 og eru gjarnan keimlík í klæðnaði þegar þau fara saman á viðburði. Þau eru ekki mikið fyrir liti og klæðast helst svörtum og hvítum flíkum.



NÝ SENDING MEÐ FLOTTUM HAUSTVÖRUM

STÆRÐIR 14-28

Skoðaðu úrvalið á www.curvy.is eða kíktu til okkar í Fákafen 9

Opið Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardagar frá kl. 11-16


Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



TREND ÁBERANDI EYRNASKRAUT

Veturinn er á næsta leiti og því sniðugt að athuga hvaða tískubólur verða áberandi með lækkandi hitastigi. Eitt af því sem verður ofarlega á tískubaugnum er stórir eyrnalokkar, því stærri því betri. Hafa þer í huga að best er að para áberandi eyrnalokka við látlausan fatnað, náttúrulega hárgreiðslu og förðun svo fylgihluturinn fái notið sín sem best.



SKÓLATILBOÐ

GILDIR TIL 15. SEPTEMBER 2014

10%
AFSLÁTTUR



739.-

BRUNNEN

Stíla- eða reikningsbók
A4 með gormi

Orðabækur
í miklu úrvali

1.399.-



BRUNNEN

Bréfabindi
8 sm breitt, A4



99.-

DURABLE
Plastmappa
A4 Með glærri forsiðu



349.-

Teygjumappa
Til í fjölmörgum litum



A5 649.-
A4 829.-

5-faga stílabók
A5 eða A4

599.-



Trélitir
12 stk.

149.-



Límstifti
8 g

349.-



FABER-CASTELL

Blýantur
Með Grip Sparkle

299.-

Skýrslublokk
A4

Vinsælasta
strokleður
á Íslandi!

199.-



Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

Skólamarkaður
í kjallara



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Instagram



Livly Stockholm

[Instagram.com/Livly_stockholm](https://www.instagram.com/Livly_stockholm)

Fatamerki sem framleiðir sænsk gæðabarnaföt og er duglegt að deila hugmyndum að barnafötum, tilboðum, nýjum vörum og öðrum innblæstri á Instagram-síðu sinni. Hægt er að kaupa fatnaðinn á heimasíðunni Livlyclothing.com en einnig eru búðir í Stokkhólmi og Hong Kong. Skandinavískir bloggjarar eru hrifnir af merkinu sem endurspeglar hinn norræna stíl vel, með mjúkum litum og flottu prenti.

Pinterest



Harpers Bazaar

[pinterest.com/harpers-bazaar](https://www.pinterest.com/harpers-bazaar)

Tímaritið vinsæla Harpers Bazaar heldur úti öflugri Pinterest-síðu. Þar er hægt að finna möppur með myndum af fállegri fördun, því besta frá rauða dreglinum, götu-stíl stjarnanna, tískubólum ársins og fleira í þeim dúr. Eitthvað fyrir Pinterest-fíkilinn sem hefur gaman af glamúr og glæsileika. Til dæmis er að finna heila möppu sem er til-einkuð tískunni í sjónvarpsþáttunum margumtöluðu Scandal.

twitter



Us Weekly

twitter.com/usweekly

Slúðurmiðillinn er aktífur á samskiptamiðlinum Twitter þar sem hann deilir í kringum fjórum tímum á klukkutíma fyrir þá slúðurþyrstu, sem vilja ekki missa af neinu úr heimi fína og fræga fólksins. Einnig birtir hann myndir, myndbönd og fleira skemmtilegt til afþreyingar.

BLOGGARINN SVARTUR OG HVÍTUR MÍNIMALISMI

Celine I Aagaard

Hippiehippiemilkshake.blogspot.com/

Norska ritstýran Celine I. Aagaard bloggjar undir heitinu Hippie hippie milkshake en hún hefur verið vinsæll bloggari í heimalandi síðan árið 2008. Celine ritstýrir tískutímaritinu Stylemag og leyfir lesendum sínum að fylgja sér eftir í annasömum hvunndegi sem þó er fullur af fallegum fatnaði og skemmtilegum myndatökum. Fatastíll hennar einkennist af svörtum og hvítum litum í bland við grátt þar sem skandinavíski einfaldleikinn ræður ríkjum.



3CX

3CX er hugbúnaðarsímstöð sem keyrir á Windows stýrikerfi og er afar einföld í uppsetningu og notkun.

Hægt er að nota allar gerðir af SIP símtækjum eða frían tölvusíma frá 3CX sem gefur þér möguleika á að sjá stöðu allra starfsmanna og símahópa, hægt er að gefa símtöl áfram með því að draga símtalið með músinni yfir á símtæki, taka upp símtöl, einfaldir möguleikar á símtalsflutningum, talhólf, hægt að hringja frá hvaða forriti sem er, **Excel, Word, ja.is** o.fl. Einnig er einfalt að tengja símtöðina við hvaða símafyrirtæki í heiminum sem gefur möguleika á miklum sparnaði í símanotkun.

Helstu eiginleikar:

- Tölvusímar sem gefa yfirsýn yfir stöðu allra símtækja og hópa.
- Tölvusímar eru með innbyggt tunnel þannig að þeir tengjast hvar sem er ef internetting er fyrir hendi.
- Tölvusímar geta einnig stýrt borðsímum.
- Hægt að hringja beint í númer á heimasíðum, Word, Excel eða öðrum forritum.
- Hægt að hringja beint frá Contacts í Outlook.
- Hægt að láta **Contact skrá** opnast þegar númer kemur inn (CRM við Outlook 2003, 2007 og 2010).
- **CRM plug** við ýmsan annan hugbúnað eins og **Microsoft Dynamic** o.fl.
- Hjálparsvörum.
- Nætursímsvari.
- Prepaaval, veldu 1 fyrir...2 fyrir ...o.fl.
- Möguleiki á að símtöð segir hvar viðkomandi er staddur í röðinni.
- Mismunandi afgreiðsla símtala eftir stöðu símtækis sem hver starfsmaður stillir sjálfur á einfaldan máta.
- Talhólfs skilaboð koma í tölvupósti.
- Möguleiki á allt að 80% ódýrari símtölum erlendis.
- Hægt að hafa erlend númer í ýmsum löndum.
- Einfalt að vera með útibú hvar sem er í heiminum, þarf einungis internettingu.
- SIP hugbúnaður í farsíma með **Android** stýrikerfi, **iPhone** og **iPad**. gefur möguleika á miklum sparnaði erlendis.
- Öflugt skýrslutól til að skoða símsvörum.
- Þjónustuvers hugbúnaður, sýnir í rauntíma stöðu starfsmanna og símtöl á bið.
- Ef tölva er ekki notuð í ákveðin tíma breytist staða á notanda og hægt er að hafa flutning í t.d. GSM eða skiptiborð.
- Hótelhugbúnaður með PMS tengingu við bókunarkerfi.
- Hægt að taka upp öll símtöl eða einungis úr ákveðnum símtækjum.



Yealink-símtæki

Yealink er að verða einn stærsti framleiðandi á SIP-símtækjum og leggur allan metnað í að vinna með sem flestum IP símkerfa. Á heimasíðu Yealink er að finna leiðbeiningar um hvernig á að setja upp SIP-símtæki við flestar gerðir símtöðva, t.d. NEC, 3CX, Avaya, Broadsoft, Trixbox, Asterisk, Philips o.fl.



Yealink V2009P



Yealink T46G



Yealink W52P



Yealink T41P/42G



Yealink T21P

Yealink
EASY VoIP

Boðleið